

## Rekstrarsamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Fimleikafélag Hafnarfjarðar, kt. 550110-1130, hér eftir nefnt FH gera með sér samning um umsjón og rekstur á íþróttasvæðinu Kaplakrika. Vísað er til annars samnings milli aðila um þjónustu við bæjarbúa.

### I. Umfang samnings

#### 1. gr.

Samningurinn gildir um rekstur á íþróttasvæðinu Kaplakrika, þar með talið íþróttasalur, félagsheimili, aðalinngangur og stúkubygging, frjálsíþróttahús, áhaldahús, knatthúsin Risann og Dverginn, grassvæði, kastsvæði og bílastæðum sem því tengjast. FH tekur að sér rekstur á íþróttasvæðinu Kaplakrika í samræmi við ákvæði samnings þessa. Aðalstjórn FH er ábyrg fyrir rekstri íþróttasvæðis Kaplakrika og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Framkvæmdastjóri FH annast að öllu leyti daglegan rekstur íþróttasvæðis Kaplakrika fyrir hönd aðalstjórnar FH.

### II. Afnot af íþróttasvæði Kaplakrika

#### 2. gr.

Hafnarfjarðarbær nýtir íþróttasali, Sjónarhól, útisvæði og búnings- og baðaðstöðu í íþróttamiðstöð Kaplakrika til notkunar fyrir skólaíþróttir, frá kl. 8:00-16:00 virka daga frá 20. ágúst til 10. júní, og utan þess tíma úthlutar ÍBH aðildarfélögum sínum æfingartímum skv. ákvörðun Íþróttá- og tómsfundanefndar á opnunartíma hússins hverju sinni eins og hann er skilgreindur skv. fylgiskjali 2.

Samkomulag er milli FH og Hafnarfjarðarbæjar að nýta dagtíma til heilsueflingar á virkum dögum í frjálsíþróttahúsi fyrir almenningsíþróttir og hreyfingu eldri borgara og öryrkja.

FH er heimilt að ráðstafa vannýttum tímum, þ.e. þeim tímum sem Hafnarfjarðarbær eða ÍBH nýta ekki í einhverjum svæðum íþróttamiðstöðvar Kaplakrika á skilgreindum opnunartíma þess. Haft skal samráð við Íþróttá- og tómsfundafulltrúa um slíka notkun.

#### 3. gr.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta íþróttasvæði Kaplakrika í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef FH veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi FH. Um slík afnot skal haft samráð við FH og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

### III. Rekstur íþróttasvæði Kaplakrika

#### 4. gr.

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir rekstrarkostnað íþróttasvæðis Kaplakrika skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru þær sömu og það myndi kosta Hafnarfjarðarbæ að reka svæðið miðað við:

- opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða ári sem íþrótt- og tómstundafulltrúi ákveður í samráði við FH
- vaktaplan starfsmanna og umfang starfseminnar skv. fylgiskjali 2
- kjarasamninga Hafnarfjarðarbæjar við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar.-

Greiðslur vegna samningsins sjást í fylgiskjali 4 og skiptast með eftirfarandi hætti:

- a. Rekstrarframlag vegna launa starfsmanna við baðvörslu, rekstrarumsjón, smærri áhaldakaupa vegna skólaíþróttar og viðhalds þeirra, orkukostnaðar ásamt öðrum breytilegum rekstrarkostnaði innan og utandyra (sbr. fylgiskjal 1 um skiptingu Umhverfis- og skipulagsþjónustu í viðhald og rekstur), greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega.
- b. Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstrarframlag) greiðist af Hafnarfjarðabæ og byggist á forgangsröðun verkefna og fjárhagsáætlun ár hvert. Umhverfis- og skipulagsþjónusta í samvinnu við FH sér um innkaup að undangengnum verðkönnunum/útboði sem er í samræmi við innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Allt stærra viðhald húsnæðis er einnig í umsjón umhverfis- og skipulagssviðs. Jafnframt slysatryggir Hafnarfjarðarbær börn til 18 ára aldurs í skóla- og frístundastarfi sveitarfélagsins.

## 5. gr.

Aðalstjórn FH felur framkvæmdastjóra að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. Meðal verkefna framkvæmdastjóra er ráðning starfsmanna við baðvörslu, móttöku, þrif og önnur verk sem til falla. Framkvæmdastjóri skal skipuleggja vaktir, vinnutíma, frí o.fl. FH annast ráðningu og gerð ráðningarsamninga við starfsmenn félagsins og skuldbindur sig til að hafa kjör starfsmanna í samræmi við þá samninga sem gilda um réttindi og kjör þeirra sem vinna sambærileg störf hjá Hafnarfjarðabæ. FH skuldbindur sig jafnframt til að hafa að lágmarki tvo starfsmenn við störf á íþróttasvæði Kaplakrika á hverjum tíma meðan starfsemi er í gangi og þrjá einstaklinga við störf (a.m.k. einn karl og eina konu) þegar skólaíþróttir eru. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Framkvæmdastjóri skal starfa í nánú samstarfi við íþrótt- og tómstundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi íþróttasvæðis Kaplakrika brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem íþrótt- og tómstundafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli FH og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur íþróttamiðstöðvar Kaplakrika að þeim ábendingum sem íþrótt- og tómstundafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Í umboði Hafnarfjarðarbæjar hefur framkvæmdastjóri yfirlit yfir notkun á þeim tímum sem ÍBH og grunn- og leikskólar bæjarins hafa til umráða í mannvirkinu og skilar íþrótt- og tómstundafulltrúa yfirliti um notkun þeirra í lok hvers árs.

Hafnarfjarðarbær hefur fulla heimild til að merkja íþróttamannvirkin með merki Hafnarfjarðarbæjar, fánum og merkingum heilsuþjálfarinnar. Haga skal merkingum þannig að báðir aðilar séu sammála um umfang og staðsetningar þeirra.

#### 6. gr.

FH fær í sinn hlut allar tekjur sem íþróttasvæði Kaplakrika kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta þjónustu við félagsmenn og bæjarbúa.

FH er einum heimilt að stunda sölustarf á íþróttasvæði Kaplakrika á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþróttá- og tómskundafulltrúa. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi er bönnuð til skólabarna á skólatíma.

FH er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á veggum í söllum íþróttasvæðis Kaplakrika og á lóð þess og skal það gert í fullu samráði við íþróttá- og tómskundafulltrúa sem og arkitekta ef við á.

Fjáröflun FH skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

#### IV. Viðhald

#### 7. gr.

Viðhald og rekstur íþróttasvæðis Kaplakrika skiptist í tvo þætti samanber viðmiðunarreglur umhverfis- og skipulagssviðs um skiptingu í rekstur og viðhald (sbr. fylgiskjal 1):

- a. Viðhald innan dýra, á lóð og utandyra í umsjón Hafnarfjarðarbæjar
- b. Rekstur á lóð, hús og innan- og utan dýra í umsjón FH

Viðhald/rekstur skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og á þann hátt að starfsemi íþróttasvæðis Kaplakrika verði fyrir sem minnstum truflunum. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

Allt stærra viðhald skal greitt af eigendum í samræmi við eignaskiptasamninga.

Forgangsáætlun um stærra viðhald og endurnýjun íþróttasvæðis Kaplakrika og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur íþróttafélags sbr. fylgiskjal 1) skal framkvæmdastjóri skila inn til íþróttá- og tómskundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsáætlunina mun íþróttá- og tómskundafulltrúa síðan áframsenda til Umhverfis- og skipulagsþjónustu sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins.

#### 8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á íþróttasvæði FH er á ábyrgð FH og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á íþróttasvæði FH og/eða lóð hennar eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Hafnarfjarðarbæ.

## **V. Upplýsingaskylda íþróttafélagsins og viðurlög**

### **9. gr.**

FH er skylt að halda bókhald vegna rekstrar íþróttasvæðis Kaplakrika, sundurgreint niður á einstakamannvirki, sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. FH skal skila rekstraráætlun til íþróttá- og tómsfundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.
- b. FH skal skila árshlutauppgjöri til íþróttá- og tómsfundafulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- c. FH skal skila ársreikningi til íþróttá- og tómsfundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

### **10. gr.**

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði FH ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. FH getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

### **11. gr.**

Telji íþróttá- og tómsfundafulltrúi að íþróttasvæði Kaplakrika sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði FH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

## **VI. Ýmislegt**

### **12. gr.**

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af íþróttasvæði Kaplakrika, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Skipting umhverfis- og skipulagssviðs í rekstur og viðhald

Fylgiskjal 2: Opnunartími íþróttasvæðis Kaplakrika og vaktaplan starfsmanna

Fylgiskjal 3: Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa

Fylgiskjal 4: Rekstrarframlag 2021

Fylgiskjal 5: Afnotasamningur vegna tíma í knattúsinu Skessunni fyrir knattspyrnu frá 1. nóvember 2019

Breytingar á fylgiskjöllum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

13. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. febrúar 2021 og gildir til 31. janúar 2031. Samningsaðilar geta þó hvenær sem er á gildistíma samningsins óskað eftir endurskoðun/sagt upp samningi með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi fyrri rekstrar- og leigusamningur milli Hafnarfjarðarbæjar og FH frá 1. nóvember 2019 og fylgiskjöl við hann.

14. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning frá 15. janúar 2019 milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

15. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 28. janúar 2021.

F.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar  
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

## Fylgiskjal 1 – Skipting umhverfis- og skipulagssviðs í rekstur og viðhald

Rekstur tilheyrir viðkomandi stofnun en viðhald er Umhverfis- og skipulagsþjónusta

<b>Rekstur innan dyra</b>	<b>Viðhald innan dyra</b>
Prif Ljós – önnur en ný Viðgerðir á sírennsli í WC og leki í krönum Lausar innstungur Viðgerðir á hurðalásum og hurðahúnum Rekstur öryggiskerfa, hitakerfa, loftræstikerfa, vatnsúðunarkerfa og bjöllumkerfa Rafmagn Vatnskerfi Frárennsli, s.s. stíflur Viðgerðir á tækjum Viðgerðir á húsgögnum, bólstrun o.þ.h. Rekstur slökkvitækja Endurnýjun á klemmuvörnum	Málning Gólfefni Loftaefni Fastar innréttingar Allar nýlagnir og endurbætur á lögnum Endurnýjun slökkvitækja sem nauðsyn er vegna umsagnar eldvarnareftirlits Öll ný kerfi skv. reglugerð s.s. brunakerfi Klemmuvarnir – nýjar
<b>Rekstur, lóð og hús utan dyra</b>	<b>Viðhald, lóð og hús utan dyra</b>
*Umhirða á gróðri Snjómokstur Hálkuvarnir Sópa gangstéttar Sandur og möl – endurnýjun Lagfæringar á leiktækjum Yfirfara girðingar, skipta út brotnum fjöllum og mála þær Veggjakrot Útiljós, perur og kúplar Hreinsa rennur og niðurföll	Málun Viðgerðir á útveggjum Þak, þakkantur og þakrennur Gluggapóstar og gler Merkingar á stofnunum Ný leiktæki á lóð, mála girðingar, net í mörk (Íþróttafulltrúi sér um að gervigrasvellir eru hreinsaðir reglulega)

### Stærra viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur stofnunar eða íþróttafélags hér að ofan)

Forstöðumaður skal skila inn forgangsröðuðum verkefnum vegna stærra viðhald og endurnýjunar á húsnæðis og búnaðar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagssviðs ( íþróttafélagin skilatilögum til íþróttafulltrúa) fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári.

Forgangsráttun íþróttafélaga mun íþróttafulltrúa áframsenda yfirfarnar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Eftir að hafa farið yfir inn komnar áætlanir stofnanna og íþróttafélaga mælir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði sér mót við forstöðumann hvarrar stofnunar (ásamt umsjónarmanni fasteigna/íþróttarfulltrúa) og þeir fara á vettvangi saman yfir þau viðhaldsverkefni sem fram koma á áætluninni. Vettvangsskoðun þessi verði eigi síðar en fyrstu viku í október ár hvert vegna undirbúningsvinnu fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Eftir að þessu er lokið gerir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagssviði áætlanir sínar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun og þegar ljóst er hvaða verkefni er mögulegt að vinna á næsta fjárhagsári

er haldinn fundur með forstöðumönnum (og umsjónarmönnum fasteigna/íþróttarfulltrúa) til að upplýsa þá um málið. Þetta verði gert eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Tekið saman/HS 28.10.2015

## **Fylgiskjal 2 - Opnunartími Íþróttasvæðisins Kaplakrika og vaktaplan starfsmanna**

Skv. 4. gr. skal íþróttá- og tómsfundafulltrúi ákveða opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða ár í samráði við FH. Aðilar eru sammála um eftirfarandi opnunartíma árið 2020:

Íþróttasvæði Kaplakrika skal vera opið til æfinga og keppni alla virka daga frá kl. 8.00 til kl. 23.00 og frá kl. 8.00 til kl. 18.00 á laugardögum og til 23.00 á sunnudögum. Íþróttasvæði Kaplakrika skal vera lokað á öllum almennum frídögum nema ef skipulögð eru mót eða sýningar á þeim dögum.

Um 50% starf er umsjón með Dverg og Risa

Vaktaplan starfsmanna er sem hér segir að jafnaði vetrar/sumartíma:





	27 júní Mánudagur	28 júní Þriðjudagur	29 júní Miðvikudagur	30 júní Fimmtudagur	1 júlí Föstudagur	2 júlí Laugardagur	3 júlí Sunnudagur
Starfsm.1		06 - 14	06 - 14	06 - 14	14 - 22	14 - 22	13 - 19
Starfsm.2		08 - 16	08 - 16	08 - 16	16 - 24	16 - 24	13 - 19
Starfsm.3	09 - 17	14 - 22	14 - 22	14 - 22			
Starfsm.4	09 - 17	16 - 24	16 - 24	16 - 24			
Starfsm.5	17 - 24				08 - 16	08 - 16	08 - 13
Starfsm.6	17 - 24				06 - 14	06 - 14	08 - 13
Starfsm.7	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16		

	4 júlí Mánudagur	5 júlí Þriðjudagur	6 júlí Miðvikudagur	7 júlí Fimmtudagur	8 júlí Föstudagur	9 júlí Laugardagur	10 júlí Sunnudagur
Starfsm.1				08 - 16	08 - 16	08 - 16	13 - 19
Starfsm.2				06 - 14	06 - 14	06 - 14	13 - 19
Starfsm.3	09 - 17	08 - 16	08 - 16	16 - 24	16 - 24	16 - 24	
Starfsm.4	09 - 17	06 - 14	06 - 14	14 - 22	14 - 22	14 - 22	
Starfsm.5	17 - 24	16 - 24	16 - 24				08 - 13
Starfsm.6	17 - 24	14 - 22	14 - 22				08 - 13
Starfsm.7	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16		

	11 júlí Mánudagur	12 júlí Þriðjudagur	13 júlí Miðvikudagur	14 júlí Fimmtudagur	15 júlí Föstudagur	16 júlí Laugardagur	17 júlí Sunnudagur
Starfsm.1	17 - 24	16 - 24				06 - 14	08 - 13
Starfsm.2	17 - 24	14 - 22				08 - 16	08 - 13
Starfsm.3			06 - 14	06 - 14	06 - 14	14 - 22	13 - 19
Starfsm.4			08 - 16	08 - 16	08 - 16	16 - 24	13 - 19
Starfsm.5	09 - 17	06 - 14	14 - 22	14 - 22	14 - 22		
Starfsm.6	09 - 17	08 - 16	16 - 24	16 - 24	16 - 24		
Starfsm.7	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16		

	18 júlí Mánudagur	19 júlí Þriðjudagur	20 júlí Miðvikudagur	21 júlí Fimmtudagur	22 júlí Föstudagur	23 júlí Laugardagur	24 júlí Sunnudagur
Starfsm.1	09 - 17	14 - 22	14 - 22	14 - 22			
Starfsm.2	09 - 17	16 - 24	16 - 24	16 - 24			
Starfsm.3	17 - 24				08 - 16	08 - 16	08 - 13
Starfsm.4	17 - 24				06 - 14	06 - 14	08 - 13
Starfsm.5		08 - 16	08 - 16	08 - 16	16 - 24	16 - 24	13 - 19
Starfsm.6		06 - 14	06 - 14	06 - 14	14 - 22	14 - 22	13 - 19
Starfsm.7	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16		

	25 júlí Mánudagur	26 júlí Þriðjudagur	27 júlí Miðvikudagur	28 júlí Fimmtudagur	29 júlí Föstudagur	30 júlí Laugardagur	31 júlí Sunnudagur
Starfsm.1	09 - 17	08 - 16	08 - 16	16 - 24	16 - 24	16 - 24	
Starfsm.2	09 - 17	06 - 14	06 - 14	14 - 22	14 - 22	14 - 22	
Starfsm.3	17 - 24	16 - 24	16 - 24				08 - 13
Starfsm.4	17 - 24	14 - 22	14 - 22				08 - 13
Starfsm.5				06 - 14	06 - 14	06 - 14	13 - 19
Starfsm.6				08 - 16	08 - 16	08 - 16	
Starfsm.7	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16	8 - 16		

Hafnarfirði, desember 2019

### **Fylgiskjal 3 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa**

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í október 2002 og samþykktar af Íþróttá- og tómsundaneftnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum í Hafnarfirði - 1705047, samþykktar voru þann 7. júní 2017 hjá Íþróttá- og tómsundaneftnd Hafnarfjarðar
5. Samkomulag um afnot af íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar 1705046 sem samþykktar voru þann 7. júní 2017 hjá Íþróttá- og tómsundaneftnd Hafnarfjarðar.
6. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómsundaneftnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
7. Umgengisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar

#### Fylgiskjal 4 - Rekstrarframlag 2020

	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Framlag:
		2021
	<b>Laun</b>	74.697.733 kr
	<i>Samtals</i>	<i>74.697.733 kr</i>
	<b>Rekstur mannvirkja</b>	
	Rafnmagn*	8.281.420 kr
	Hiti*	6.933.893 kr
	Viðhald Kaplakrika, áhöld og tæki	15.478.944 kr
	Sorphirða, ræsting og gæsla	4.770.415 kr
	Vátryggingar	1.892.761 kr
	Fasteignagjöld, neysluskattur	2.802.683 kr
	Eftirlitsgjöld	205.400 kr
	Rekstur bifreiða	1.335.100 kr
	Annar kostnaður	636.740 kr
	Viðhald gervigrass	6.729.931 kr
	<i>Samtals</i>	<i>49.067.287 kr</i>
	<b>Rekstur skrifstofu</b>	
	Kaffi/veitingar	946.800 kr
	Sími, net, tölvuþj. sjónv. vefþj.	2.314.400 kr
	Bókhald uppgjör og endursk.	2.104.000 kr
	Funda- og viðskiptakostnaður	220.920 kr
	Skrifstofukostnaður	1.151.870 kr
	<i>Samtals</i>	<i>6.737.990 kr</i>
	<b>Rekstrarstyrkur samtals</b>	<b>130.503.011 kr</b>
	<b>Knatthús Kaplakrika (Skessan)</b>	<b>41.730.000 kr</b>
	<b>Þjónustusamningur skv. matrixu</b>	<b>19.686.865 kr</b>
	<b>Heildarframlag Hafnarfjarðarbæjar</b>	<b>191.919.876 kr</b>

\*Aðilar munu skoða sameiginlega að Hafnarfjarðarbær greiði beint hita- og rafmagnsreikninga sem tengjast húsnæði samkvæmt samningi þessum.

## Fylgiskjal 5 - Rekstrar- og afnotasamningur af knatthúsinu Skessunni

- Samningur þessi er fylgiskjal við rekstrarsamning við FH frá 10. desember 2019
- Hafnarfjarðarbær fær afnot af eftirfarandi fjölda tíma í knattspyrnuhúsi FH Skessunni í Kaplakrika:
  - Um er að ræða vetrartímabilið 1. október til 15. maí ár hvert á samningstímabilinu.
  - Árlegur tímafjöldi í knattspyrnuhúsinu Skessunni eru áætlaðir 2.500 tímar.
  - ÍBH skal hafa afnot af 67% tímum í knattspyrnuhúsinu til íþróttaæfinga á ári eftir nánara samkomulagi við framkvæmdastjóra FH um skipulag notkunar. ÍBH úthlutar og skiptir tímum milli aðildarfélaga sinna samkvæmt gildandi reglum. FH á aðra tíma.
  - Hafnarfjarðarbær leigir 67% tímanna
- Hafnarfjarðarbær tekur þátt í rekstrarkostnaði á knattspyrnuhúsinu Skessunni skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert í samræmi við 4. gr. um rekstur íþrótta svæðis í rekstrarsamningi milli aðila fyrir afnot af knattspyrnuhúsinu. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru þær sömu og það myndi kosta Hafnarfjarðarbæ að reka svæðið. Forsendur framlag Hafnarfjarðar byggjast á eftirfarandi fjárhagsáætlun:

Skessan	Fjárhagsáætlun 2020	Framlag Hafnarfjarðarbæjar
<b>Launakostnaður</b>		
Húsvarsla og umsjón	8.750.000	
Stjórnun	4.850.000	
<b>Rekstur mannvirkja</b>		
Tryggingar	950.000	
Rafmagn	4.600.000	
Hiti	450.000	
Vatns- og skolpgjald	1.100.000	
Viðhald húsnæðis, áhöld og tæki	5.875.000	
Viðhald gervigrass	8.725.000	
Endurnýjun gervigrass	8.950.000	
Annar kostnaður	3.750.000	
<b>Samtals rekstur</b>	<b>34.400.000</b>	
<b>Áætlaður rekstrarkostnaður</b>	<b>48.000.000</b>	
<b>Samtals afnotagjald Hafnarfjarðar</b>		<b>35.000.000</b>

- Hafnarfjarðarbær greiðir í byrjun hvers mánaðar á samningstímanum 1/12 afnotagjaldsins frá 1. janúar 2020.
- Samningurinn gildir frá 1. nóvember 2019 til 1. janúar 2025. Gildistíminn er sambærilegur og rekstrarsamningurinn. Endurskoðunar og uppsagnarákvæði fylgja þeim samningi einnig. Endurskoða skal afnotasamninginn eftir eitt ár þegar raunrekstartölur liggja fyrir og þannig verður framlag Hafnarfjarðarbæjar endurskoðað.
- Hafnarfjarðarbær greiðir 95% af afnotagjaldi þar til notkun hefst að fullu á búningaaðstöðu Skessunnar.
- Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 10. desember 2019

F.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar  
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

---

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

---

---

---